

Hin og þessi bönd

Hér ætlum við að stykkla á stóru um hinar ýmsu sveitir sem Bubbi hefur starfað með, eða þær með honum, um lengri eða skemri tímu. Þetta er þó ekki tæmanlegur listi. Því þó Bubbi hafi leikið undir merkjum Vísnavina frá því seinnihluta ársins 1979 er ekki hægt að hljómsveit í því sambandi þar sem Bubbi kom fram á tónleikum samtakana sem trúbador, þ.e.a.s. einn með gítarinn og flutti eigin lög og texta. Þá eru ekki heldur taldar upp þær sveitir sem Bubbi hefur sungið með sem gestur eins og Vinum Dóra og Mannakorni eða KK band svo eitthvað sé nefnt. Ekki verður heldur fjallað um þær sveitir sem Bubbi hefur fengið sér til aðstoðar eins og Sierra Mastera frá Kúbu sem vann með honum plötuna Von, eða Ensími og Botnleðja sem unnu með honum efni plötunnar. Mér líkar það, þar sem allar áttu þessar sveitir sér líf fyrir daga þess að starfa með Bubba og störfuðu áfram eftir að samstarfinu lauk. En svo byrjað sé á byrjuninni er Gúanóbandið sú sveit sem telst fyrst hljómsveita með liðsmanninn Bubba Morthens. Byrjum á að lista þær sveitir sem hann hefur starfað með.

- Gúanóbandið (1979)*
- Utangarðsmenn (1980-1981)
- Egó (1981-1984, 2003-2009)
- Mórall (maí 1983)*
- Mögulegt Óverdós (1982)*
- Das Kapital (1984-1985)
- Sveina Sextettinn (1985)*
- MX-21 (1986-1987)
- Varnaglarnir (1987)
- Blúshundarnir (1987)*
- Bubbi og Blómið (1989)
- Lamarnir ógulegu (1989)
- RASK (1990)
- Bubbi & Rúnar / GCD (1991-1995)
- Danshljómsveit Bubba Morthens og KK (1997)*
- Stríð og friður (2000-2008)
- Sólskuggarnir (desember 2010-?)

* Viðkomandi sveit hefur ekki gefið út neitt efni, né eru til hljóðritanir með sveitinni svo vitað sé.

Hér fyrir neðan fjöllum við stuttlega um þær sveitir sem ekki hafa gefið út plötur undir eigin nafni.

Gúanábandið nóvember 1979 - desember 1979

Bubbi Morthens: Gítar

Gunnar Ægisson

Jóhanna Þórhallsdóttir

Kristján Sigmundsson

Þorleifur Guðjónsson

Þorlákur Kristinnson

Nóta: Gúanábandið kom aðeins tvisvar sinnum fram opinberlega að talið er. Fyrst í Vestmanneyjum 30. nóvember 1979 og svo aftur í félagsstofnun Stúdentna 1. desember sama ár. Að því loknu lagði það niður starfsemi. Ekki er vitað til þess að gerðar hafi verið neinar hljóðritanir með sveitinni.

(mynd: hluti Gúanábandsins)

Mögurlegt Óverdós (10. febrúar 1983)

Bubbi Morthens: Söngur

Mike Pollock: Gítar

Rúnar Erlingsson: Bassi

Sævar Sverrisson: Trommur

Halldór Lárusson: Trommur

Nóta: Hér er um að ræða sérstaka upptöku sem var flutt undir heitinu Gullströndin andar sem haldin var á ónefndum stað í vesturbæ Reykjavíkur, við sjávarsíðuna 10. febrúar 1983. Þeir Sævar og Halldór höfðu þá báðir verið meðlimir hljómsveitarinnar en Bubbi og Svævar áttu síðar eftir að syngja saman bæði inn á plötu Rafns Jónssonar (Rabba) og eins söng Svævar bakrödd inn eina af sólóplötum Bubba. Halldór Lárusson kom fyrir í MX-21 nokkrum árum síðar. Flest dagblaðanna byrtu umsögn um þessa upptöku og voru nokkuð sammála um að furðulegri gjörning höfðu þeir ekki heimsótt um dagana. (mynd: Bubbi í Mögurlegt Óverdós á umræddri upptöku)

Móral (1983)

Bubbi: Söngur

Mike Pollock: Gítar

Þorleifur Guðjónsson: Bassi

Bergþór Morthens: Gítar

Kormákur Geirharðsson: Trommur

Ekki er mikið vitað um þessa sveit nema hún kom fram á tónleikum í Austurbæjarbíói 6. maí 1983, á tónleikum þar sem Breska

Hljómsveitin The Fall var aðalnúmer kvöldsins. Mórall opnaði þessa tónleika. Aðrar sveitir sem kom fram þetta kvöld voru Iss og Þeysararnir. (Því miður hefur okkur ekki áskortnast mynd af sveitinni.

Sveina Sextettinn (23. desember 1985)

Bubbi Morthens: Söngur, gítar

Sigurgeir Sigmundsson: Gítar

Jens Hansson: Saxófónn

Guðmundur Ingólfsson: Píanó, orgel

Björgúlfur Egilsson: Bassi

Nóta: Tímamótatónleikar á ferlinum. Fyrstu þorláksmessutónleikarnir á Hótel Borg. Samkvæmt auglýsingu Morgunblaðsins þá nefndi bandið sig Sveina Sextettinn og kemst þar með í hljómsveitarsögu Bubba Morthens. Ekki er vitað til að sveitin hafi starfað frekar.

Varnaglarnir (1987)

Bubbi Morthens: Söngur

Egill Ólafsson: söngur

Valgeir Guðjónsson: Gítar, raddir

Þorsteinn Jónsson: Bassi

Þorsteinn Magnússon: Gítar

Ragnhildur Gísladóttir: Raddir

Aðstoð:

Jakob F. Magnússon: Hljómborð, raddir

séra Arnfríður Guðmundsdóttir: upplestur ritningagreina.

Nóta: Varnaglarnir unnu aðeins saman að gerð laga fyrir Landlæknisembættið sem hafði óskað eftir lagi úr smíðju Valgeirs Guðjónssonar. Eina krafan var sú hugmynd að það höfðaði til unga fólksins sem var markhópur þessa átaks. Valgeir taldi lagið líklegt til vinsældar flutningi Bubba. Enda hefi plata hans Frelsi til sölu þá setið á toppi allra vinsældarlista landsins um talsvert skeið. Reyndar flutti sveitin lagið í breyttri textaútgáfu á mótmælafundi á Lækjartorgi þar sem lagið var nefnt Atombomban má ekki vera neitt feimnismál. (mynd: tekin af hluta liðsmanna á mótmælafundi á Lækjartorgi 1987) óvíst er um liðskipan og hlutverk hvers og eins en ofangreindur meðlimalisti er talinn líklegur.

Blúshundarnir (mars 1987 - snemma árs 1988)

Bubbi Morthens: Söngur, gítar

Björgvin Gíslason: Gítar

Guðmundur Ingólfsson: Píanó

Þorleifur Guðjónsson: Bassi

Ásgeir Óskarsson: Trommur

Nóta: Blúshundarnir voru fyrst opinberaðir á sérstöku Jass og blúskvöldi á Hótel Borg á vegum Jassvakningar þann 18 mars 1987. Sveitin kom fram á tónleikum í nokkur skipti eftir það. Eins og nafnið gefur til kynnar var markmiðið að flytja landsmönnum Blústónlist af bestu gerð. Þá kom bandið fram á einum tónleikum án Bubba sem var lasinn það kvöld og komst ekki. Guðmundur Ingólfs og félagar brugðu á það ráð í stað þess að aflýsa tónleikunum að koma fram þetta kvöld án Bubba og kalla sig Blúskvolpana.

Bubbi og Blómið (1989)

Bubbi Morthens: Söngur

Guðmundur Pétursson: Gítar

Ásgeir Óskarsson: Trommur

Tómas M. Tómasson: Hljómborð

Ásgeir Jónsson: Upptökumaður

Nóta: Bubbi og Blómið urðu til við gerð plötunnar Hver er næstur (1989). Líklega hefur sú plata að geyma fyrsta lagið sem gefið var eftir Guðmund Pétursson gítarleikara en hann ásamt Bubba er skráður höfundur lagsins Sumarið í Reykjavík.

Lamarnir ógurlegu (1989)

Bubbi Morthens

Christian Falk

Johann Söderberg

Hilmar Örn Hilmarsson

Ken Tomas

Nóta: Lamarnir ógurlegu var sveit sem stóð að baki Bubbi og aðstoðaði hann við gerð plötunnar Nóttin langa (1989). Hluti þessa vel til Bubba, t.d.. Christian Falk sem hafði fyrst unnið með honum á Svíþjóðarárum 1985-88 og var hann allt í öllu á plötunni Frelsi til sölu (1986). Hilmar Örn hafði þekkt Bubba lengi. Nýir í hópnum voru þeir Ken Tomas og Johann Söderberg. Þessi liðskip var svo orðin önnur þegar að því kom að halda útgáfutónleika Hótel Íslandi 7. desember 1989, enda hafði Christian Falk skapað nafn sem einn besti upptökustjóri í Skandinavíju þegar hér var komið sögu. En á útgáfutónleikunum voru Lamarnir ógurlegu:

Bubbi Morthens: Söngur

Hilmar Örn Hilmarsson: Hljómborð, ásláttur

Birgir Baldursson: Trommur

Guðlaugur Óttarsson: Gítar

Haraldur Þorsteinsson: Bassi

Jósep Gíslason: Hljómborð

og loks sá Ken Tomas um hljóðblöndun

RASK (1990 og 1991)

Bubbi Morthen: Söngur

KK: Gítar (1990)

Þorleifur Guðjónsson: Bassi (1990)

Reynir Jónasson: Harmonika

Gunnlaugur Briem: Trommur (frá nóvember 1990)

Pálmi Gunnarsson: Bassi (frá desember 1991)

Tryggvi Hübner: Gítar (frá desember 1991)

Nóta: Þessi sveit manna stóð að kynningu og útgáfutónleikum fyrir plötuna Sögur af landi (1990). Nafn sveitarinnar kemur frá vinnuheiti plötunnar sem var RASK. Nafnið fór þó aldrei hátt og hvarf sem slíkt fljótlega. Gullli Briem bættist síðar í hópinn áður en platan Ég er (1991) var hljóðrituð á tónleikum á Púlsinum seint á árinu 1990. Til gamans má geta þess að Beggi bróðir Bubba átti síðar eftir að nota þetta hljómsveitarnafn. Á myndinni sem tekin er á útgáfutónleikum á veitingarstaðnum Ömmu Lú er RASK ásamt einum af sérlegum gesti kvöldsins Rúnar Júl (en þó vantar KK á myndina) sem lék á gítar, þá nýkominn heim frá Svíþjóð.

Ári síðar eða í lok árs 1991 byrtist Bubbi á tónleikum á Tvem vinum ásamt nýrri sveit sem kallaði sig RASK þá voru aðeins hann, Reynir og Gunnlaugur Briem eftir af þessu bandi en í stað KK og Þorleifs voru komnir Pálmi Gunnarsson á bassa og Tryggvi Hübner á gítar.

Danshljómsveit Bubba Morthens og KK (1997)

Bubbi Morthens: Söngur, gítar

KK: Gítar, söngur

Kormákur Geirharðsson: Trommur

Jón Skuggi: Bassi

Nóta: Bubbi starfaði talsvert með KK á þessum tíma og voru þeir að koma fram saman. Í mars 1997 var auglýstur dansleikur í Óperukjallaranum með Danshljómsveit Bubba Morthens og KK þar var komin ný hljómsveit með B.M. innanborðs. Um tíma voru uppi hugmyndir þess efnis að Bubbi og KK ynnu saman að plötu en ekkert varð af þeirri áætlun.

Stríð og friður (mitt ár 2000 - 2008)

Bubbi Morthens: Söngur

Guðmundur Pétursson: Gítar

Pétur Hallgrímsson: Gítar

Jakob Smári Magnússon: Bassi

Arnar Geir Ómarsson: Trommur

Tobbi: Hljómborð *

Nóta: Stríð og friður lék fyrst inn á plötuna Sögur 1990-2000 og má segja að þar með hafi hún komist á legg. Í kjölfarið var rokkað um allar jarðir og var sveitin Bubba innan handar við gerð næstu plötu Nýbúinn (2001). Þó almennt væri það mál manna að Stríð væri eitt albesta rokkband sem Bubbi hefði starfað með fór aðsókn að tónleikum sveitarinnar minnkandi. Aðdáendur virtust frekar sjá Bubba einann með gítarinn. Þrátt fyrir að menn mættu á Gaukin og færu þaðan í dúnrandi stemmingu þar sem Stríð & friður n Bubba í fararbroddi rokkaði upp lög á borð við Talað við gluggann og töldu margir að þar með hefði þetta Choen-skotan lag af Konuplötunni öðlast sjálfstæði. Þó Stríð & friður væri horfin sem slýk þegar Bubbi hóf tukur næstu sólóplötu sinnar voru meðlimir innan handar. Tónlistarnálgunin var öll önnur en á Nýbúanum og óþarfi er að nefna það hér að platan Sól að morgni sló rækilega Meðlimir sveitarinnar dvöldu einnig í Hljóðverinu með Bubba við gerð plötunnar 1000 kossa nótt sem kom út árið 2003. Þá mætti á stórtónleika í Laugardalshöllinni þann 6.6.2006 og tók fullan þátt í að fagna þar 50. ára afmæli Bubba með því að leika nokkur l var sveitin nokkuð virk á árinu 2007 og í byrjun árs 2008 var hún mætt í Hljóðver ásamt Bubba og Pétri Ben við gerð næstu sólóplötu Bubba Fjórir naglar.

* Þegar Bubbi ásamt sveitinni kom fram á sérstökum tónleikum 2. október 2008, sem haldnir voru í húsnæði Kassagerðar Reykjavíkur og voru haldnir í boði prentsmiðjunnar Odda vegna sameiningar Odda, Gutenbergs og Kassagerðarinnar og voru að sögn undanfara tónleika sem fóru síðar fram í Kaupmannahöfn var sveitin án Péturs Hallgrímssonar en í hans stað mætti Tobbi úr Dr. Spock með hljómborðið.

Eftir að hafa aðstoðað Bubba við gerð plötunnar Fjórir naglar og fylgt henni eftir lítilsháttar t.d. með útgáfutónleikum var sveitin lö hvíldar, að sinni allavega. Því með nokkrum mannbreytingum var Egóði sett af stað einu sinni enn.

Bandið hans Bubba (2008)

Vignir Snær Vigfússon – Viggí: Gítar

Arnar Þór Gíslason – Addi: Trommur

Jakob Smári Magnússon – Jakob Smári: Bassi

Þorbjörn Sigurðsson – Tobbi: Hljómborð

Einar Þór Jóhannsson – Einar: Gítar

Pétur Örn Guðmundsson – Pétur Örn: Gítar, hljómborð, bakraddir

Nóta: Þó hér sé ekki um eiginlega hljómsveit Bubba Morthens að ræða samkvæmt stífustu merkingu þess orðs eins og við höfum hana fyrir þessa síðu þá getum við ekki annað en minnst á þessa sveit hér og haft hana meðal sveita sem starfað hafa með Bubba. Sveitin varð til eins og allir vita fyrir samnefndan sjónvarpsþátt á Stöð 2. og birtist strax í fyrsta úrslitabættinum sem allir fóru fram í beinni útsendingu. Vignir gítarleikari var einnig hljómsveitarstjóri bandsins. Sveitin sá einnig um undirleik á laginu Ég er kominn heim sem Bubbi og Björn Jr. sungu inn á band og kom út á pottþétt plötu sama ár. Sé til draumasveit rokkarans þá er hún hér.

Sólskuggarnir (Demember 2010 - ?)

Söngur , gítar: Bubbi Morthens

Tenorsaxófónn: Jóel Pálson

Trompet: Ari Braji Kárason

Barintonsax: Ragnar Árni Ágústsson

Trommur: Helgi Svavar Helgason

Bassi: Ingi Björn Ingason

Gítar: Börkur Hrafn Birgisson

Hljómborð: Daði Birgisson

Raddir: Íris Hólm

Fyrstu fréttir af þessari sveit komu fram á Bubbi.is sama dag og lagið Röðin fór í spilun (10.12.2010) en samkvæmt heimildum hljóðritaði sveitin lagið 6. desember. Það fór svo í almenna spilun 10. s.m. En stór hluti þessa hóps var þá að vinna með Bubba og sem áætlað var að kæmi út að vori.

Samantekt, copyright: Bárður Örn Bárðarson